

27. nóvember 2019/MDB

Niðurstöður 26. háskólaþings Háskóla Íslands 13. nóvember 2020

Háskólaþing Háskóla Íslands var haldið í 26. sinn 13. nóvember 2020. Þingið var haldið með rafrænum hætti og voru tvö mál á dagskrá að þessu sinni.

Fyrst reifaði rektor mál sem eru efst á baugi í Háskóla Íslands. Fjallaði rektor einkum um síðari málið á dagskrá þingsins, mótun nýrrar heildarstefnu Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2021-2026, og verk- og tímaáætlun fyrir stefnumótunina.

Seinna málið á dagskrá þingsins var, eins og áður sagði, mótun nýrrar heildarstefnu Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2021-2026. Bjarni Snæbjörn Jónsson, ráðgjafi stýrihóps stefnumótunar, fylgdi málinu úr hlaði og kynnti umræðuefni og fyrirkomulag hópastarfs. Að því búnu var gengið til fyrri lotu hópastarfs sem fékkst við umræðuefnin „Hvað þýðir að vera háskóli í fremstu röð?“ og „Hvað teljum við mikilvægt að einkenni starfsemi og stöðu Háskóla Íslands árið 2026?“ Að umræðu lokinni fór fram kynning á niðurstöðum nokkurra valinna hópa.

Að loknu kaffihlé fór fram síðari lota hópastarfsins og var viðfangsefnið nú „Hver eru mikilvægustu málin sem þarf að leysa og vinna með til þess að þess að starfsemi Háskóla Íslands þróist með þeim hætti sem við teljum nauðsynlegt? Veljið þrjú forgangsmál.“ Að umræðu lokinni fór aftur fram kynning á niðurstöðum valinna hópa.

Að hópastarfi loknu tók rektor saman afrakstur þess og fór yfir næstu skref í stefnumótunarferlinu. Fram kom m.a. að leitað verður eftir viðtæku samráði um stefnumótunina innan og utan Háskólans og í því samhengi hefur verið opnuð sérstök samráðsgátt.

Háskólaþing er haldið í samræmi við lög um opinbera háskóla nr. 85/2008. Háskólaþing er samráðsvettvangur háskólasamfélagsins þar sem fram fer umræða um þróun og eflingu Háskóla Íslands. Þingið fjallar um og tekur þátt í að móta sameiginlega stefnu Háskóla Íslands að frumkvæði rektors. Háskólaráð getur leitað umsagnar háskólaþings um hvaðeina sem varðar starfsemi Háskóla Íslands og ráðið getur einnig falið þinginu umfjöllun um fagleg málefni og akademíska stefnumörkun. Háskólaþing er ályktunarbært um þau málefni sem það telur að varði hag háskólasamfélagsins.

Á háskólaþingi eiga fast sæti rektor, forsetar fræðasviða, deildarforsetar og kjörnir fulltrúar fræðasviða, fulltrúar helstu stofnana háskólans og samstarfsstofnana hans, kennarafélaga og stúdenta auk fulltrúa starfsmanna stjórnslu og fulltrúa úr háskólaráði. Ríflega 100 manns sóttu háskólaþing að þessu sinni.

Í lok þingsins þakkaði rektor stýrihópi stefnumótunar og fulltrúum á háskólaþingi fyrir góðar og málefnalegar umræður og sleit þinginu.